

Forseti Íslands, forseti Félagsvísindasviðs, forseti Lagadeildar,  
heiðursdoktorsefni, aðrir góðir gestir;

Ég býð ykkur öll velkomin til þessarar athafnar, þar sem fram fer veiting heiðursdoktorsnafnbótar á vegum Lagadeildar, á Félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Í dag heiðrum við Guðrúnu Erlendsdóttur lögfræðing, fv. hæstaréttardómara, fv. forseta Hæstaréttar og fv. dósent við Lagadeild Háskóla Íslands. Hlýtur hún heiðursdoktorsnafnbót fyrir störf sín í þágu íslensks samfélags, eins og nánar verður rakið hér á eftir.

Í lögum um Háskóla Íslands hefur frá upphafi verið sérstakur kafli um doktora þar sem mælt er fyrir að háskóladeildir hafi rétt til að veita doktorsnafnbót. Annars vegar að undangengnu sérstöku prófi og hins vegar í heiðurs skyni, *honoris causa*, án undangengins sérstaks prófs. Eins og heiti nafnbótarinnar ber með sér er hún veitt til að heiðra doktorsefnið og til sæmdarauka fyrir Háskóla Íslands. Með valinu getur Háskólinn einnig sýnt virðingu fyrir sérstakt framlag til skólans eða farsæl störf í hans þágu. Þeir sem þessa sæmd hljóta skulu hafa afkastað merkilegu starfi og njóta almennrar viðurkenningar á sínu sviði, ýmist sem fræðimenn, menningarfrömuðir, andlegir eða veraldlegir leiðtogar.

Veiting heiðursdoktorsnafnbótar hefur ávallt verið gildur þáttur í starfi háskólans. Fyrstur til að hljóta nafnbótina var dr. Björn M. Olsen,

háskólarektor, árið 1918 er hann lét af störfum sem prófessor. Frá þeim tíma hafa um 200 manns verið sæmdir heiðursdoktorsnafnbót við Háskóla Íslands, jafnt hérlendir sem erlendir. Það er einkar ánægjulegt að Guðrún Erlendsdóttir skuli nú bætast í þann hóp.

Guðrún Erlendsdóttir er frumkvöðull meðal íslenskra lögfræðinga og á að baki einstakan starfsferil. Hún starfaði um árabil sem héraðsdóms- og hæstaréttarlögmaður í Reykjavík. Hún varð fyrsta konan til að gegna kennslu við Lagadeild Háskóla Íslands og varð fyrst kvenna til að taka sæti í Hæstarétti Íslands. Kennslu- og rannsóknarsvið Guðrúnar tengjast fjölskyldu- og erfðarétti og jafnréttismálum, þar með talið álitamálum sem varða réttarstöðu sambúðarfólks og réttindi barna, eins og fjölmargar tímaritsgreinar og bókakaflar hennar bera vitni um.

Guðrún hefur haft mikil áhrif í íslensku samfélagi og rutt mikilvægar brautir bæði innan Lagadeildar og íslensks réttarkerfis. Enginn vafi leikur á mikilsverðu framlagi hennar til íslensks samfélags og er því einkar vel við hæfi að hún verði fyrsti heiðursdoktor Lagadeildar úr hópi kvenna. Háskóli Íslands stendur í mikilli þakkarskuld við Guðrúnu Erlendsdóttur.

Það er til sæmdarauka fyrir Háskólann og Lagadeild að heiðra Guðrúnu með heiðursdoktorsnafnbót, nú þegar 110 ár eru liðin frá því að Lagaskólinn, forveri Lagadeildar, tók til starfa 1908.

Nú býð ég prófessor Aðalheiði Jóhannsdóttur, forseta  
Lagadeildar, að taka til máls.